

21.02.2007  
SJ/sj

Alþingi  
Erindi nr. **P** 133/1188  
komudagur 23.2.2007

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10 2. hæð

150 REYKJAVÍK

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á eignarhaldi RARIK ohf og Orkubúi Vestfjarða ohf, mál nr. 570.**

Starfsmannaráð RARIK ohf fundaði 15. febrúar 2007 um lagafrumvarp um að leggja eignarhlut ríkisins í RARIK ohf og Orkubúi Vestfjarða ohf inn í Landsvirkjun. Ráðið hafði áður fundað um frumvarp sama efnis sem lagt var fyrir s.l. haust og sent iðnaðarráðherra og iðnaðarnefnd bréf vegna þessa máls (Dbnr. 247).

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram:

*"Með breytingunni má ná fram ýmiss konar hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna tveggja "*

Með "*fyrirtækjanna tveggja*" er átt við RARIK og OV. Starfsmenn RARIK eru mjög ósáttir við að hagræðing innan Landsvirkjunar er ekki nefnd í þessu sambandi þó vitað sé að þar séu jafnvel meiri hagræðingarmöguleikar en hjá RARIK og OV. Þar vísað til vinnu sem starfsmenn fyrirtækjanna hafa unnið að varðandi samstarf og samruna þeirra nýverið. Á að fela starfsmönnum Landsvirkjunar verkefni sem starfsmenn RARIK og OV leysa í dag?

Starfsmenn RARIK óttast ekki hagræðingu enda hefur fyrirtækið hagrætt mikið í rekstri sínum á síðustu árum og áratugum. Það er hins vegar grundvallaratriði að sú hagræðing sem Landsvirkjun þarf að gera á sinni starfssemi bitni ekki á RARIK eða OV eins og kom fram í fyrra bréfi ráðsins og ofangreind tilvitnun í athugasemdir við nýja frumvarpið staðfestir.

Starfsmannaráð RARIK telur að það verði að gefa hinu hálfis árs gamla hlutafélagi tækifæri til að sinna skyldum sínum. Ráðið telur að því verði best borgið með því að fyrirtækið taki sér strax stöðu sem sjálfstætt fyrirtæki innan fyrirtækjasamsteypu við hlið Orkubúsins og Landsvirkjunar eins og unnið hefur verið að af hálfu fyrirtækjanna.

Starfsmannaráð telur að ekki sé tryggt að hagræðing sem gerð verður innan samstæðunnar verði á jafnræðisgrunni nema RARIK og OV hafi sjálfstæða stjórn eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu að gilda eigi um sölufélagið. Sjálfstæð stjórn tryggir einnig betur aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta en alls staðar þar sem raforkumarkaði hefur verið skipt upp er verið að vinna að því að auka þennan aðskilnað. Af hverju er verið að fara í öfuga átt á Íslandi?

F. h. Starfsmannaráðs RARIK ohf.

---

Steingrímur Jónsson  
Formaður

Samhljóða bréf sent Fjármálaráðherra  
Árna M. Mathiesen

RA-20316